

Nd.

144. Frumvarp

til laga um forkaupsrjett landssjóðs á jörðum.

Flutningsmaður: Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

Ef þjóðjörð eða kirkjujörð, er seld hefir verið eða seld kann að verða ábúanda samkvæmt lögum nr. 30, 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, og lögum nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða, og lögum nr. 51, 11. júlí 1911, um breyting á þeim lögum, gengur úr sjálfsábúð, en hvorki leiguliði eða hlutaðeigandi sveitarfjelag vill nota kauparjett sinn, skal jafnan skylt að þjóða landsstjórninni kaup á jörðinni fyrir landssjóð, er þá hefir forkaupsrjett að henni.

Sama forkaupsrjett hefir landssjóður á þeim jörðum, er seldar hafa verið eftir sjerstökum lögum, og á öllum öðrum jörðum, er ganga kaupum og solum.

2. gr.

Nú tilkynnir eigandi eða annar fyrir hans hönd landsstjórninni, að jörð

sje til sölu eða sje gengin úr sjálfsábúð samkvæmt 1. gr., og skal landsstjórnin hafa tilkynt hlutaðeiganda innan mánaðar, hvort hún vill að landssjóður neyti kauparjettar síns. Sje svar hennar játandi, gerir hún jafnframt ráðstafanir til að mat fari fram, samkvæmt lögnum um sölu þjóðjarða og sölu kirkjujarða, svo fljótt sem landsstjórnin álitur gerlegt, og skal kaupverðið venjulega byggt á því mati. Landssjóður kostar matið.

Heimilt er þó seljanda, fái hann hærra boð annarstaðar frá, að sæta því, vilji landsstjórnin ekki sinna því verði.

3. gr.

Heimilt er ráðherra að kaupa til handa landssjóði jarðir þær, er ræðir um í lögum þessum, fyrir það verð, er matsmenn venjulega gera, (sbr. 2. gr.), en ella fyrir annað hæfilegt verð, að fengnum upplýsingum kunnugra manna. Kaupverðið greiðist, ef um seldar þjóðjarðir eða kirkjujarðir er að ræða, úr sjóðum þeim, er andvirði jarðanna áður hafði runnið í, en ella greiðist það úr landssjóði.

Stjórnarráðið gerir nauðsynlegar ráðstafanir um bygging jarðanna. En um umráð þeirra fer síðan svo sem lög nr. 30, 20 okt. 1913, mæla fyrir um.

Afgjald jarðanna, að frádregnum umboðslaunum, rennur í sjóð þann, er verð þeirra var greitt úr.

4. gr.

Ef jörð er seld öðrum en ábúanda eða sveitarfjelaginu, án þess að landsstjórninni hafi verið gert viðvart samkvæmt 1. gr., er landsstjórninni heimilt að rifta sölunni og kaupa fyrir sama verð og jörðin var þá síðast seld fyrir.

5. gr.

Heimilt skal landsstjórninni að verja á ári hverju alt að 100,000 kr. úr viðlagasjóði til jarðakaupa samkvæmt lögum þessum.

Greinargerð.

Jafnvel þó að haldið verði áfram að selja þjóðjarðir og kirkjujarðir, þá tel jeg samt rjettmætt að heimila landsstjórninni, fyrir hönd landssjóðs, forkaupsrjett að jörðum, er ganga kaupum og solum. Slik heimild, ef hún yrði notuð, gæti stutt að því, að landið eignaðist jarðir, er ella lentu í höndum braskara eða útlendinga. Heimildin mundi einnig geta leitt til þess, að landssjóður keypti jarðir er honum byðust samkvæmt lögnum, er þættu hentugar til sundurskiftingar til nýbýla, til skólaseturs, embættisbústaða o. s. frv.

En aðaltilgangur með frumvarpinu er þó sá, að landið með tímanum eignist smátt og smátt jarðir, er það hefir látið af hendi, og aðrar jarðir, sem ekki eru í sjálfsábúð, en ganga kaupum og solum. Mundi það styðja að efnalegu sjálfstæði landsins og efla lánstraust þess út á við.